

81 eigandi hans, svo fljótt sem hægt er, færa hann þeim, sem hann skal lækna.
 3. ágúst Annars skal álíta, að eigandi hafi brotið ákvæði 1. og 4. gr. reglugjörðar þessarar, og varðar það sömu sekt. Hund, sem enginn hirðir um að lækna, skal hreppsnefnd láta drepa.

8. gr.

Hreppsnefnd og lækningamenn skulu áminna hreppsþúa að taka alla sulli, er finnast í slátruðu sauðfje, og brenna eða grafa djúpt í jörðu. Eins skal fara með hausa af höfuðsóttarkindum.

9. gr.

Brot móti 2. og 3. gr. reglugjörðar þessarar varða sektum frá 25—50 kr., er renni í sveitarsjóð. Brot móti 4. og 6. gr., að því er snertir störf lækningamanns, varða sektum frá 10—25 kr. Þær sektir renna í sýslusjóð, svo og sektir fyrir brot þau, er ræðir um í 7. gr.

10. gr.

Hreppsnefndir skulu fyrir lok desembermánaðar ár hvert, senda hreppstjóra skýrslu um hundalækningarnar í hreppnum síðastliðið ár, er hann svo færir inn í hundahaldsbókina, og lætur sýslunefndinni í tje skýrslu samhljóða bókinni fyrir lok janúarmánaðar næst á eftir.

11. gr.

Með brot gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Reglugjörð þessi er samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Suður-Múlasýslu 24.—27. maí 1909.

Skrifstofu Suður-Múlasýslu, Eskifirði, 3. ágúst 1909.

A. V. Tulinius.

82
 11. ágúst

Auglýsing

um breyting á 38. gr. heilbrigðissamþyktar fyrir Reykjavík 30. janúar 1905.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest sú breyting á 38. gr. heilbrigðissamþyktar fyrir Reykjavík 30. janúar 1905, að greinin orðist þannig:

Þeim mönnum, sem slátruðu til sölu eða seldu kjöt eða gjörðu matvæli 82 af kjöti til sölu á þeim tíma, er heilbrigðissamþykkt bæjarins 30. janúar 1905 11. ágúst öðlaðist gildi, getur bæjarstjórn með ráði heilbrigðisnefndar veitt undanþágu frá ákvæðum 31., 33., 36. og 37. gr. samþykta­rinnar, en þó ekki lengur en til árs­loka 1911.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands 11. ágúst 1909.

Í fjarveru ráðherra

Kl. Jónsson.

Eggert Briem.

Reikningur

83

yfir tekjur og gjöld »Bókasafns Norðuramtsins« á Akureyri árið 1908.

Tekjur:

1. Styrkur til bókasafnsins:			
a. Úr bæjarsjóði Akureyrar	kr. 600 00		
b. Úr landssjóði	— 500 00		
		kr.	1100 00
2. Styrkur til lestrarsals:			
a. Úr landssjóði	kr. 150 00		
b. Úr bæjarsjóði Akureyrar	— 250 00		
c. Úr sýslusjóði Eyjafjarðarsýslu	— 100 00		
		—	500 00
3. Tekjur sýslubókasafns	—		300 00
4. Skuld við gjaldkera	—		434 66
		Samtals kr.	2334 66

Gjöld:

1. Skuld frá f. á.	kr.	308 04
2. Laun bóka­varðar 1908	—	400 00
3. Eldiviður, ljós, ræsting	—	194 51
4. Húsaleiga	—	350 00
5. Keyptar bækur	—	275 57
6. Borgað fyrir bókb­and	—	383 25
7. Áhöld og viðhald þeirra	—	352 09
8. Ábyrgðargjald og prentun	—	71 20
	Samtals kr.	2334 66

Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu, 31. des. 1908.

Guðl. Guðmundsson.